



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 5. júlí 2006

Ákvörðun nr. 25/2006

Ósk Bifreiðastöðvar Reykjavíkur um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra stöðvarinnar.

I Erindið

1.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 28. júní 2006, þar sem óskað er eftir undanþágu fyrir sameiginlegan hámarksökutaxta leigubifreiðastjóra Bifreiðastöðvar Reykjavíkur (BSR). Undanþágunnar er óskað á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sbr. bannákvæði í 10. og 12. gr. sömu laga.

2.

Forsaga málsins er sú að um langa hríð hafa leigubifreiðastjórar í landinu tekið gjald fyrir akstur í samræmi við gildandi hámarksökutaxta. Hámarksökutaxti leigubifreiða hefur verið gefinn út af Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra (BÍLS), að undangengnu samþykki Samkeppnisstofnunar (nú Samkeppniseftirlitsins, hér eftir nefnt Samkeppniseftirlitið) á verðhækkunum.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 *Afnám á hámarkstöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út*, sem birt var 7. febrúar 2006, kvað á um að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem gefinn hefur verið út af BÍLS. Jafnframt áréttaði Samkeppniseftirlitið að eftir gildistöku þessarar ákvörðunar verði fyrirtækjum sem reka leigubifreiðar, þ.e. hverjum þeim sem á og rekur leigubifreiðar, hvort heldur sem er frá leigubifreiðastöð eða á annan hátt, leigubifreiðastöðvum og samtökum leigubifreiðastjóra óheimilt að hafa með sér hvers konar samstarf eða samskipti um ökutaxta og önnur verðlagsmál eða annað sem fer gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

BÍLS kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og krafðist þess að umrædd ákvörðun Samkeppniseftirlitsins yrði felld úr gildi. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði sínum nr. 2/2006 18. apríl sl.

Ein leigubifreiðastöð, leigubifreiðastöðin Hreyfill svf. (Hreyfill), óskaði eftir samskonar undanþágu og BSR hefur nú gert, með bréfi dags. 30. mars 2006. Þar



sem eina undanþágubeiðnin sem þá var fram komin barst Samkeppniseftirlitinu ekki fyrr en raun ber vitni birti Samkeppniseftirlitið þann 24. apríl 2006 ákvörðun nr. 15/2006 þar sem gildistöku ákvörðunar nr. 4/2006 um afnám á hámarksökutöxtum leigubifreiða var frestað fram til 30. júní 2006 og skyldi hámarksökutaxtinn falla úr gildi frá og með 1. júlí.

Hinn 30. júní s.l. birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 23/2006 þar sem fallist var á ósk Hreyfils. Ákvörðunarorðið hljóðaði svo: „Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið Hreyfli svf. heimild til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Heimildin sem veitt er til eins árs er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á Hreyfli skal tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á Hreyfli.
2. Hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af félagsmönnum Hreyfils skal prentaður með stóru og auðlæsilegu letri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.“

II Niðurstöður

1.

Skv. 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum.

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru og þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Til vöru og þjónustumarkaðar telst öll sú vara eða þjónusta sem falboðin er sem talið er að geti verið staðgönguvara eða –þjónusta frá sjónarmiði neytanda vegna eiginleika vörunnar eða þjónustunnar, verðs hennar eða fyrirhugaðrar notkunar.¹

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þjónustumarkaðir þessa máls tveir. Annars vegar er markaður fyrir þjónustu við leigubifreiðastjóra, þ.e. markaður leigubifreiðastöðva. Hins vegar er markaður fyrir þjónustu við neytendur, þ.e. markaður leigubifreiða/leigubifreiðastjóra.

¹ Commission Notice on the definition of the relevant market for the purposes of Community competition law. Sótt á http://ec.europa.eu/comm/competition/antitrust/relevma_en.html.



Leigubifreiðastöðvar

BSR starfar á takmörkunarsvæði sem nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Samkeppniseftirlitið telur þetta svæði vera hinn landfræðilega markað þessa máls. Á þeim markaði starfa nú 5 leigubifreiðastöðvar. Þær eru Hreyfill, BSR, Borgarbilastöðin, Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og Aðalstöðin í Keflavík.

Þjónusta leigubifreiðastöðva við leigubifreiðastjóra felst einkum í símsvörun og miðlun upplýsinga til bifreiðastjórana um ferðir með farþega. Þá sjá bifreiðastöðvarnar um nótuviðskipti og afla í sumum tilvikum afsláttarsamninga fyrir stórnotendur, sem bifreiðastjórar á þeirra vegum sjá svo um að sinna. Leigubifreiðastöðvar gegna einnig lögbundnu eftirlitshlutverki gagnvart bifreiðastjórum eins og áður hefur komið fram. Í sumum tilvikum reka leigubifreiðastöðvar þvottaaðstöðu fyrir bifreiðastjóra stöðvarinnar og fleira mætti telja. Stöðvagjöld bifreiðastjóra eru mjög mishá.

Upplýsingar frá BSR og Vegagerðinni gefa til kynna að markaðshlutdeild BSR sé um 20-25% ef miðað er við fjölda leigubifreiða sem bifreiðastöðin þjónustar.

Leigubifreiðar/leigubifreiðastjórar

Leigubifreiðastjórar sem kaupa aðstöðu og þjónustu hjá BSR starfa á hinum landfræðilega markaði þessa máls, þ.e. því takmörkunarsvæði sem nær til höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Takmörkunarsvæðið ber nafn sitt af því að aðgangur nýrra bifreiðastjóra er takmarkaður og að öðru jöfnu óheimill nema þegar einhver þeirra bifreiðastjóra sem fyrir voru hefur hætt störfum, og þá aðeins að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Á svæðinu geta allt að 560 atvinnubifreiðastjórar starfað á hverjum tíma, skv. ákvæðum reglugerðar um leigubifreiðar.

2.

Í máli þessu fer BSR fram á heimild til að hafa samræmdan ökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem kaupa þjónustu stöðvarinnar og starfrækja leigubifreiðar í nafni hennar.

Í 10 gr. samkeppnislaga kemur fram að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni séu bannaðar. Í 12 gr. samkeppnislaga kemur fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögunum.

Í 15. gr. samkeppnislaga er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að veita undanþágur frá bannákvæðum 10. og 12. gr.

Skilyrði fyrir því að Samkeppniseftirlitið geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. eru þau „*að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:*

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflri tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*



c. *leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*

d. *veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.*"

Til þess að unnt sé að veita undanþágu á grundvelli 15. gr. þarf að uppfylla öll skilyrði ákvæðisins.

Almennt telur Samkeppniseftirlitið að gjaldskrá eins og sú sem hér um ræðir, hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar, hafi nokkra sérstöðu eðli málsins samkvæmt. Flestir viðskiptavinir leigubifreiða hafa samband við leigubifreiðastöðvar með síma þegar þeir þurfa á þjónustu leigubifreiða að halda. Því er eðlilegt að viðskiptavinirnir liti svo á að þeir standi í viðskiptasambandi við leigubifreiðastöðina, fremur en við þann leigubifreiðastjóra sem síðan ekur þeim á áfangastað. Ennfremur er líklegt að viðskiptavinirnir kvarti við leigubifreiðastöðina, finnist þeim þjónustu ábótavant, fremur en við þann leigubifreiðastjóra sem þeir áttu viðskipti við. Þá getur það verið erfiðleikum bundið fyrir viðskiptavinum að kanna hjá leigubifreiðastjórum á tiltekinni stöð hver þeirra býður ódýrustu þjónustuna. Hafa ber í huga að á því svæði sem BSR starfar eru 5 leigubifreiðastöðvar og því grundvöllur fyrir verðsamkeppni, og enn fremur að stærsti aðilinn á markaði leigubifreiðastöðva, Hreyfill, hefur þegar fengið undanþágu með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2006.

Með hliðsjón af þessu og umfjöllun hér að framan að öðru leyti, telur Samkeppniseftirlitið forsendur til þess að veita undanþágu í máli þessu, á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.

3.

Telur Samkeppniseftirlitið rétt með vísan til framanritaðs að veita BSR heimild, með neðangreindum skilyrðum, til samræmingar á hámarksökutöxtum sínum til reynslu til eins árs, til og með 1. júlí 2007. Fyrir þann tíma mun Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort unnt verði að veita BSR heimildina áfram og þá eftir atvikum einnig til reynslu.

Skilyrði fyrir heimild þessari eru eftirfarandi:

- 1) Að ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á BSR sé tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á BSR.
- 2) Að hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu verði prentaður með stóru og auðlæsilegu lettri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar BSR. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.

Síðara skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja það, gagnvart farþegum, að sá taxti sem ekið er samkvæmt sé að hámarki hinn samræmdi taxti BSR sem nýtur undanþáguheimildar Samkeppniseftirlitsins.

Að uppfylltum þessum skilyrðum veitist bifreiðastjórum á leigubifreiðastöðinni BSR tímabundin heimild til að samræma hámarksökutaxta sína. BSR er ekki



heimilt að breyta þeim töxtum sem nú gilda fyrr en þessi skilyrði hafa verið uppfyllt.

Samkeppniseftirlitið telur rétt að benda á að þegar Samkeppniseftirlitið tekur aftur afstöðu til undanþágu til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta hjá BSR fyrir 1. júlí 2007, munu ofangreind skilyrði og hugsanlega önnur skilyrði koma til skoðunar.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið BSR heimild til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Heimildin sem veitt er til eins árs er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- 1. Ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á BSR skal tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á BSR.**
- 2. Hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu skal prentaður með stóru og auðlæsilegu letri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar BSR. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson